# 577. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, fimmtudaginn 2. september 2021 og hófst hann kl. 18:00.

**Fundinn sátu:**
Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓÞ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM), Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 577 lögmætan.

**Dagskrá:**

**1. Ljósleiðari - 2108146**

Erindi frá Jóni Inga Jónssyni og Gerði Rán Freysdóttur sem barst 26.08.2021 vegna ljósleiðaratengingar.

*Sveitarstjóra er falið að ræða við bréfritara vegna erindisins í samræmi við umræður á fundinum.*

**2. Strandgata 20, lóðarblað - 2108133**

Mál frá 55. fundi Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar sem fór fram 26.08.2021 þar sem lagt er til við sveitarstjórn að lóðarblað unnið af byggingarfulltrúa vegna Strandgötu 20 verði samþykkt.

*Sveitarstjórn samþykkir framlagt lóðarblað samhljóða.*

**3. Alþingiskosningar 2021 - 2106213**

Erindi frá Dómsmálaráðuneytinu dags. 11.08.2021 varðandi Alþingiskosningar sem fara fram 25.09.2021.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að kjörfundur á Tálknafirði vegna Alþingiskosninga 25.09.2021 verði í Tálknafjarðarskóla. Jafnframt er sveitarstjóra veitt umboð sveitarstjórnar til að afgreiða þau mál er að sveitarstjórn snúa vegna Alþingiskosninganna.*

**4. Íbúðir ætlaðar eldri borgurum - 1905038**

Mál frá 575. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 12.08.2021.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skipulag verði unnið fyrir svæðið frá Þinghól og í kringum íþrótta- og skólasvæði m.a. með það að markmiði að lóðir verði til fyrir nýjar íbúðabyggingar austan við Tálknafjarðarskóla, þ.e.a.s. á Grundum. Jafnframt er sveitarstjóra falið að kalla saman starfshóp vegna íbúða ætluðum eldri borgurum.*

**5. Skipan í nefndir Tálknafjarðarhrepps kjörtímabilið 2018-2022 - 1807038**

Breyting á skipan fulltrúa í kjörstjórn.

*Samþykkt samhljóða að Magnús Óskar Hálfdánsson taki sæti sem varamaður Ó-lista í kjörstjórn í stað Berglindar Evu Björgvinsdóttur.*

**6. Fræðslu-,menningar-,íþrótta-, æskulýðsnefnd - 44 - 2108004F**

Fundargerð 44. fundar Fræðslu-, menningar-, íþrótta- og æskulýðsnefndar sem fór fram 24.08.2021.

*Fundargerðin er staðfest.*

6.1 2103051 - Starfsáætlun 2021-2022

6.2 2108104 - Innramatsskýrsla 2021

6.3 2103050 - Upplýsingagjöf skólastjóra

6.4 2108105 - Félagsstarf eldri borgara í Vindheimum 2021-2022

6.5 2108106 - Félagsmiðstöðin Tunglið 2021-2022

6.6 2106263 - Skýrsla um ráðgjöf ársins - Ásgarður (áður Trappa ehf)

6.7 2105109 - Umbótaáætlun Tálknafjarðarskóla beiðni um upplýsingar

6.8 2108091 - Göngum í skólann 2021

6.9 2106192 - Aðgerðaráætlun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni

**7. Byggingar-,skipulags- og umhverfisnefnd - 55 - 2108002F**

Fundargerð 55. fundar Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar sem fór fram 26.08.2021.

*Fundargerðin er staðfest.*

7.1 2108076 - Byggingarleyfi fyrir H2

7.2 2108133 - Strandgata 20, lóðarleigusamningur

**8. Fjárhagsáætlun 2022-2025 - 2108058**

Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 13.08.2021 varðandi forsendur fjárhagsáætlana 2022-2026.

*Lagt fram.*

**9. Framkvæmdir í Íþróttamiðstöð - 2005065**

Mál frá 575. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 12.08.2021.

*Minnisblað dags. 02.09.2021 lagt fram.*

**10. Rekstraryfirlit 2021 - 2105049**

Mál frá 575. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 12.08.2021.

*Rekstraryfirlit fyrir fyrstu 6 mánauði ársins lagt fram.*

**11. Aðgerðaráætlun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni - 2106192**

Bréf frá Forsætisráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 28.05.2021 vegna þingsályktunar um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

*Lagt fram.*

**12. Ársskýrsla og ársreikningur SEV - 2105118**

Ársskýrsla Starfsendurhæfingar Vestfjarða ses. fyrir starfsárið 2020 ásamt ársreikningum ársins 2020.

*Lagt fram.*

**13. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2021 - 2101521**

Minnisblað sveitarstjóra um stöðu verkefna lagt fram.

*Lagt fram.*

**14. Boð á 66. Fjórðungsþing Fjórðungssambands Vestfirðinga - haust - 2108097**

Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga þar sem boðað er til 66. Fjórðungsþings Vestfirðinga, haust, sem fer fram á Ísafirði 22.10.2021 og 23.10.2021.

*Lagt fram.*

**15. Aðalfundur 2021 - 2108149**

Fundargerð aðalfundar Fasteignafélagsins 101 Tálknafjörður ehf. sem fór fram 18.08.2021.

**16. Fundargerðir 2021 Samband íslenskra sveitarfélaga - 2102594**

Fundargerð 900. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 26.08.2021.

*Lagt fram.*

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:15.**

| | |
|---|---|
| Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) | Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓÞ) |
| Björgvin Smári Haraldsson (BSH) | Lilja Magnúsdóttir (LM) |

Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)